AUGLÝSING

um deiliskipulag Kleppsvíkur í Reykjavík.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 26. apríl 1999, að auglýsa deiliskipulagstillögu fyrir Kleppsvík (svæðið afmarkast af Vogabakka í austur, Holtavegi í norður, Skútuvogi í vestur og Brúarvogi í austur). Engar athugasemdir bárust við tillöguna. Skipulags- og umferðarnefnd samþykkti skipulagstillöguna á fundi sínum þann 14. júní 1999.

Skipulagsstofnun hefur verið sent deiliskipulagið til yfirferðar og voru ekki gerðar við það athugasemdir.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og um leið fellur úr gildi eldra deiliskipulag svæðisins.

Reykjavík, 5. ágúst 1999.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.